

Nd.

145. Nefndarálit

[8. mál]

um frv. til l. um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og boðað á sinn fund til viðræðna og útskýringa á ýmsum greinum þess þá dr. med. Sigurð Sigurðsson landlækni, dr. med. Gísli Fr. Petersen yfirlækni röntgendeildar Landsspítalans og Magnús Magnússon prófessor.

Leggur nefndin einróma til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „eigi hærri en 0.01 rem á viku í eins metra fjarlægð“ í niðurlagi 1. másl. komi: eigi hærri en ákveðið er með reglugerð á hverjum tíma.
2. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Ráðherra ákveður með reglugerð skoðunargjöld fyrir eftirlit samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hann setur og reglur o. s. frv.

Alþingi, 27. nóv. 1962.

Gísli Jónsson,	Birgir Finnsson,	Guðl. Gíslason,
form.	fundaskr.	frsm.
Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.	